

15 yfirlieitt. Bæjarstjórn getur sett starfsmönnum ráðningarstofunnar sérstakar starfs-
17. febr. reglur að fengnum tillögum stjórnarinnar.

6. gr.

Ný grein, er verður 7. gr., komi í reglugerðina og orðist þannig:

Forstöðumanni Ráðningarstofunnar til aðstoðar og ráðuneytis um vinnumiðlun-
ina skulu vera fjórir menn. Tveir þeirra skulu vera tilnefndir af fulltrúaráði verkalýðs-
félaganna í Reykjavík, en tveir af Vinnuveitendasambandi Íslands. Varamenn
skulu tilnefndir á sama hátt. Ef málefni varðar Vinnuálag samband samvinnu-
félaganna, skal fulltrúi þess koma í stað annars fulltrúa Vinnuveitendasambands
Íslands. Ef ráðunautur er ekki tilnefndur fer á sama hátt og um kosningar stjórnar-
manns, sbr. 2. mgr. 3. gr.

Trúnaðarmenn skulu koma saman til fundar með forstöðumanni Ráðningar-
stofunnar eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði, sömuleiðis þegar einhver þeirra óskar
að fundur sé haldinn.

Um verksvið trúnaðarmanna skv. þessari grein, fer eftir því sem fyrir er mælt
í lögum nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun og í reglugerð um vinnumiðlun nr.
130 17. sept. 1956.

7. gr.

9. gr. reglugerðarinnar falli niður.

8. gr.

10. gr. reglugerðarinnar, er verður 9. gr., orðist þannig:

Kostnaður við vinnumiðlun, skv. reglugerð þessari greiðist að $\frac{2}{3}$ hlutum úr
bæjarsjóði Reykjavíkur, en $\frac{1}{3}$ úr ríkissjóði.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 52 9. apríl
1956, um vinnumiðlun, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni
öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

16

20. febr.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Vestmannaeyja skal greiða fasteignaskatt af fasteignum í lög-
sagnarumdæmi Vestmannaeyja eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

1. Af verzlunarlóðum og lóðum til atvinnureksturs 1%.
2. Af verzlunarhúsum, verksmiðjum og byggingum til atvinnureksturs 1%.
3. Af húseignum, sem einungis eru notaðar til íbúðar og lóðum, sem þær standa
á 0.5%.

Sé húseign notuð bæði til atvinnureksturs og íbúðar, skal við ákvörðun skattsins miða við stærð hvors hluta hússins og skatturinn síðan ákveðinn hlutfallslega eftir fasteignamati. 16
20. febr.

3. gr.

Skattinn skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái fasteignamatsvirðing eignar ekki 1000 krónum, greiðist enginn skattur.

4. gr.

Eigandi fasteignar greiði skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða, þá greiðir ábúandi eða leigjandi skattinn.

5. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts samkvæmt reglugerð þessari er 2. janúar ár hvert og ber að greiða skattinn hjá bæjargjaldkera. Skattinn skal reikna í heilum krónum. — Gjalddagi fasteignaskatts fyrir árið 1959 skal þó vera hinn 1. marz 1959.

6. gr.

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur 2 mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiða ber af útsvörum samkvæmt 33. gr. laga nr. 66 12. apríl 1945.

7. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti samkvæmt reglugerð þessari eru allar fasteignir bæjarsjóðs Vestmannaeyja, aðrar en lóðir og lönd, sem seldar eru á leigu.

Enn fremur eru undanþegnar kirkjur, samkomu- og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana, skólahús, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, þinghús og hús annarra ríkja að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í millirikjaerindum. Hið sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum, og lóðir, sem eru til opinberra þarfa.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðilum að skjóta málinu til dómstólanna.

8. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur, eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

9. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvöxtu má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 67 frá 12. apríl 1945, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 20. febrúar 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Helgi Helgason.